

Hafliði Guðmundsson, f. 2. 12. 52 í Stuðlakoti í Rvík. Albr. Björns kaupm. í Rvík. Var á Hvítárvöllum hjá Andrjesi Fjeldsted frá 15—20 ára aldri. Dvaldist næstu 5 ár í Rvík, 1872—77, og fjekkst þá m. a. við kalknám í Esjunni, húsagerð o. fl. Naut fræðslu 2 vetur í sunnudaga-skóla. Fluttist til Siglufjarðar 1877 og átti þar heima til dauðadags. Var fyrst á vegum Snorra Pálssonar verzlunarstj. Vann á Hraunum í Fljótum oft þau árin. Kom upp matvælanidursuðu á Siglufirði, fjekkst við allskonar smíði, á trje og járn og múrsmíði. Hrstj. og sáttamaður 23 ár. Hrn.oddviti 20 ár. Form. sparisjóðs 16 ár, en alls 31 ár í gæzlu-stjórn hans. D. 12. 4. 1917 á Siglufirði. K. 9. 4. 80 Sigríður, f. 5. 11. 55, Pálsdóttir frá Pálsbæ á Seltjarnarnesi Magnússonar.

Hafliði Guðmundsson, f. 30. 9. 86 í Búð í Þykkvabæ. For. G. b. þar, f. 23. 7. 53, d. 1. 12. 99, Runólfsson og k. Sigríður, f. 16. 6. 52, d. 6. 12. 27, Ólafsdóttir b. í Skarði, svo Hávarðarkoti Jónssonar. B. í Búð. Form. Landþurrkunarfjel. Safamýrar. Form. sóknarnefndar og safnaðarfrtr. frá 1914, frn. og síðan í skólánefnd frá 1918. Eftirlitsmaður Nautgriparæktunarfjel. frá 1914. Snm. nú og hrnm. um hríð. Trúnaðarmaður Kjötverðlagsnefndar í Þykkvabæ. Aðalhvatamaður að fyrrihleðslu Djúpóss og svo verndun Safamýrar o. fl. Hefir átt þátt í endurreisn Þykkvabæjar-sveitaþorps. K. 22. 6. 18 Guðrún, f. 10. 2. 90, Daníelsdóttir b. í Kaldárholti Þorsteinssonar.

Hafliði Helgason, f. 3. 7. 98 á Hvítanesi í Kjós. For. H. b. þar Guðmundsson [b. á Sandi á Hvalfjarðarströnd] og k. Guðfinna Steindóttir b. á Valdastöðum í Kjós Halldórssonar. Lauk prentnámi í Rvík 1919. Prentari þar 1919—32. Fornbóksali s. st. 1932—34. Forstjóri Fjelagsprentsmiðjunnar í Rvík 1934 og síðan. K. 30. 11. 35 Halldóra, f. 7. 6. 11, Sveinbjarnardóttir prentara í Rvík Oddssonar.

Hafliði Helgason, f. 31. 8. 07 á Siglufirði. For. H. kaupm. þar Hafliðason og k. Sigríður Jónsdóttir b. í Hróthúsum í Fljótum Steinssonar. Stúd. 1928. Skrifstofustj. Útvegsb. Íslands hf. á Sigluf. frá 1. 1. 39. Ftr. við skipaafgreiðslu Sam. gufuskipafjel. á Sigluf. frá 1929. Skrifstofum. og ftr. hjá Síldarverksmiðjum ríkisins 1934—38 incl. Umbm. Útvegsb. Ísl. hf. á Sigluf. 1930—38. Afgrm. Sam. gufuskipafjel. á Sigluf. frá apríl 1938. K. 28. 4. 40 Jóna Sigurveig, f. 9. 2. 20, Einarsdóttir kaupm. í Rvík Tómassonar.

Hafliði Hjartarson, f. 5. 11. 86 í Rvík. For. H. Hjartarson, trjesmiðameistari þar, og k. Sigríður Hafliðadóttir hrstj. í Gufunesi Hannessonar. Lærði trjesmiði hjá föður sínum. Verkstjóri í trjesmiðjunni „Völundi“ 1907—14. Frkvstj. Bifreiðafjelags Rvíkur hf. 1914—16, og tók fyrstur manna bílstjóraþróf hjer á landi, 17. 6. 1915. Bílstjóri og bílaeigandi 1916—19. Rak trjesmiðju 1919—23. Húsasmiðameistari í Rvík 1923 og síðan. K. 16. 10. 09 Ingveldur, f. 19. 12. 87, Gunnlaugsdóttir sjóm. á Akranesi, frá Þverfelli, Jónssonar.

Hafliði Jónsson, f. 4. 11. 84 í Skógum í Þorskafirði. For. J. Þórðarson, b. þar og víðar, og k. Kristín Guðrún Daníelsdóttir, b. og

hrstj. í Hlíð í Þorskaf. og Skálmarnesmúla, Hjaltasonar. Stundaði sjó frá barnæsku og var á skútum. Lauk vjelstjóraþrófi. Vjelstjóri í Rvík, í þjón. „Eimskips“ frá 1916, 1. vjelstjóri á Esju til 1930 og á Goðafossi 1930 og síðan. K. 5. 7. 21 Halldóra Kristín, f. 27. 6. 90, Helgadóttir b. á Öskubrekku Arasonar.

Hafsteinn Bergþórsson, f. 23. 11. 92 í Landakoti á Álftanesi. For. B. skipstjóri í Rvík, f. 1856, d. 6. 3. 01 Þorsteinsson [skipstj. í Innri-Njarðvík, svo Rvík, f. 4. 10. 23, Bergssonar] og k. 8. 9. 91 Helga, f. 17. 2. 60, Hafliðadóttir hrstj. í Gufunesi Hannessonar. Lauk stýrim.-þrófi 1913. Skipstjóri í Rvík mörg ár. Frkvstj. í Rvík nú. Í sjódomi Rvíkur og hafnarnefnd. K. 9. 8. 29 Magnæa Ingibjörg, f. 6. 7. 95, Jónsdóttir kaupm. í Rvík Bjarnasonar.

Hafsteinn Pjetursson, f. 4. 11. 58 á Geithömrum í Húnavs. For. P. Jónsson, síðar b. á Grund í Svínad., og k. 9. 11. 56 Ingibjörg Hafsteinsd. b. á Ytri-Löngumýri Guðmundssonar. Stúd. 1882. Cand. phil. Kh. 1883 og próf í hebresku við Kh.-háskóla 1884. Las við háskólann til hausts 1885, að hann fór til Rvíkur og gekk í prestaskólann. Cand. theol. Rvík 1886. Enn í Kh. við guðfræðinám 1886—89. Fór vestur um haf 1889. Vígður 9. 2. 90 til Argyle-safnaða í Man. Prestur þar 1890—93 og í Winnipeg 1893—94. Ritari Kirkjufjelagsins 1890—94. Gekk úr Kirkjufjel. 1895. Stofnaði Tjaldbúðarsöfnuð í Winnipeg 1894 og var prestur hans til 1899. Fluttist til Khafnar 1899. Dvaldist þar síðan við skrifstofustörf til æviloka. Tók talsverðan þátt í fjelagsskap Íslendinga í Khöfn. Rit. Tjaldbúðin, tímarit, 1898—1905. Ritstjóri þess. Ýmsar ritgerðir: N. F. S. Grundtvig, 1886, fyrirlestur. Magnús Eiríksson í Tímar. Bókmfjel. 1887, þýdd á dönsku 1902. Ritgerðir um Spurgeon og Beecher í Eimr. 1901—02. Grein um Íslendinga í Ameríku í „Árný“ 1901. Greinar í „Aldamótum“: Um kirkjuna á Íslandi, 1891, Spurgeon, 1892, Um eilífa útskúfun, 1893, þýdd á dönsku 1901. Enn margar greinar um sitt hvað. Þýddi Íslenzkir kvenbúningar, eftir Daniel Bruun, í Eimr. 1904. D. 31. 10. 1929. K. 16. 12. 99 Conradine Vilhelmine Petersen í Khöfn.

Pjetur Hafsteinn Pjetursson, f. 14. 1. 86 á Gunnsteinsstöðum í Langadal. Albr. Magnúsar bæjarlæknis í Rvík. Stúd. 1906. B. á Gunnsteinsstöðum. Hrn.oddviti og snm. lengi. Búnaðarþingsfr. 1938 og síðan. K. 25. 12. 33 Guðrún Ingibjörg, f. 15. 9. 01, Björnsdóttir, Stefánssonar. Hjónin systkinabörn.

Hallbjörn Halldórsson, f. 3. 7. 88 í Vilborgarkoti í Mosfellssveit. For. H. Jónsson b., frá Hrauni í Ölfusi, og Vilborg Jónsdóttir frá Urriðakoti í Garðahr. Þorvaldssonar. Prentnám í Rvík 1903—07, í iðnskóla eitt missiri, í kennslustundum í ísl. fræðum í Háskólanum (málfr. og bókm.saga) hjá próf. B. M. Ólsen 1913—14. Forstöðum. Alþýðuprentsm. frá stofnun 1926—35, nú aðalverkstjóri í ríkisprentsm. Gutenberg. Í ritnefnd „Prentarans“ 1912—13 og ritstj. 1916—17. Ritstj. „Alþýðublaðsins“ 1922—27. Hefir ritað fjölda greina í þessi